



ÁRSSKÝRSLA
2017

fjs Fjársýsla
ríkisins





ÁRSSKÝRSLA
2017

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Október 2018

Ljósmyndir í ársskýrslunni eru úr ljósmyndasafni, þema myndanna eru loftmyndir af íslensku landslagi
Forsíðumynd er frá hálandi Íslands.

©Einar Guðmann <http://photos.gudmann.is>

©Gyða Henningsdóttir <http://photos.gyda.is>

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli fjársýslustjóra	6
Um Fjársýslu ríkisins	8
Hlutverk, gildi og fleira	8
Starfsemin á árinu	10
Starfsemin	10
Fjármál	13
Starfsmenn og þróun	15
Kennitölur	17
Ársreikningur 2017	24
Yfirlit um afkomu	26
Efnahagsreikningur	27
Sjóðstreymi	28
Skýringar	29
Stafsmenn í árslok	37

Ársskýrslan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.
Hönnun og umbrot: Fjársýsla ríkisins, október 2018.
Letur er Calibri.

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Árið 2017 einkenndist aðallega af miklum breytingum og umfangsmiklum verkefnum sem tengdust innleiðingu á lögum um opinber fjármál (LOF). Löggin voru samþykkt í lok ársins 2015 og tóku gildi í byrjun árs 2016. Árið 2017 var hins vegar fyrsta árið sem ákvæði sem snúa að reikningshaldi tóku gildi. Umbylting á efnahagsreikningi ríkissjóðs, gerð stofnefnahagsreikninga og aðrar breytingar á reikningshaldinu voru því stór verkefni á árinu 2017 og verða það áfram á næstu þremur árum. Samhliða því að vinna ýmis verkefni sem snúa að þessari breytingu þá hefur jafnframt þurft að aðlagga ferla að nýju verklagi og síðast ekki síst að byggja upp þekkingu á nýjum reikningsskilaaðferðum, bæði innan stofnunar og í kerfinu í heild.

Á árinu var áfram unnið eftir stefnumótun sem sett var seinni hluta ársins 2016 og unnið að ýmsum verkefnum sem lögð voru þar fram. Á árinu var farið í greiningu starfa og byrjað á að yfirfara ferla. Ljóst er að það er mikilvægt verkefni til að aðlagast síbreytilegu starfsumhverfi og stuðningur við það að leiða áframhaldandi hagkvæmri fjármálastjórnun ríkisins.


Mikil vinna var unnin í að þróa áfram upplýsingakerfin til að tryggja að þau styðji betur við markmið stofnunarinnar og markmið málaflokksins. Hafin var innleiðing á nýju áætlanakerfi í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og er það nýtt verkefni hjá stofnuninni.

Lögð var rík áhersla á hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar á árinu 2017 og var gætt aðhalds í rekstrargjöldum og starfsmannahaldi hjá stofnuninni. Afkoman var jákvæð um 4,4 millj.kr.

Starfsfólkið, og sú þekking og reynsla sem það býr yfir, er mesta auðlind stofnunarinnar. Stofnunin hefur á undanförunum árum verið lánsöm og búið við lága starfsmannaveiltu og er meðal starfsaldur hár. Nú er hins vegar í gangi töluverð endurnýjun en búist er við að allt að 25% starfsmanna muni hætta á næstu fimm árum vegna aldurs til viðbótar við þá sem hafa látið af störfum á undanförunum árum. Þessi umbreyting er ögrun fyrir stofnunina og þarf að tryggja viðhald þekkingar eins og hægt er. Öllum breytingum fylgja hins vegar líka tækifæri og nýtt fólk kemur inn í stað þeirra sem hætta með viðbótarþekkingu sem meðal annars nýtist við að takast á við nýjar kröfur og þróun verkefna. Starfsmannafjöldi í árslok var 80 en 77 árið á undan.

Óhætt er að segja að árið 2017 hafi verið krefjandi og verið er að takast á við ný verkefni og breytingar á öðrum. Stofnunin er komin af stað í umbreytingarferli sem mun standa yfir næstu þrjú ár hið minnsta. Framtíðarsýn FJS er að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála. Til að ná þeirri framtíðarsýn er nauðsynlegt að halda áfram að þróa ferla, nýta nýjustu umbætur á tæknisviði og hafa á að skipa öflugum og samhentum hópi starfsmanna. Þetta verður krefjandi en skemmtilegt verkefni næstu ára.

Ingbór Karl Eiríksson
fjársýslustjóri



Hafragilsfoss

FJS er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála

FJS er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu og góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála

Við rýnum vinnubrögð okkar og berum kennsl á tækifæri til þess að gera betur

UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

Fjársýsla ríkisins (FJS) er ríkisaðili sem starfar samkvæmt lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Gildi

Starfsemi okkar, menning og vinnubrögð markast af þremur gildum:

Þekking

Við erum framsækin og fylgjumst með straumum og stefnum í opinberum fjármálum. Við hikum ekki við að deila þekkingu með öðrum og innleiða nýjungar inn í okkar verklag.

Áreiðanleiki

Við ávinnum okkur traust með því að viðhalda áreiðanlegum vinnubrögðum. Þá viljum við vera góð fyrirmynd annarra stofnana þegar kemur að opinberri fjársýslu.

Þjónusta

Við leitum stöðugt leiða til að veita skilvirka, hraða og örugga þjónustu. Þannig byggjum við upp þjónustumeningu sem uppfyllir þarfir viðskiptavina okkar.

Framtíðarsýn

Fjársýslan er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu og góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála.

Áherslur

Fjársýslan hefur skilgreint fjórar áherslur til ársins 2020 og undir hverri eru þrjár áherslupættir:

Verklagið

Við rýnum vinnubrögð okkar og berum kennsl á tækifæri til þess að gera betur. Helstu ferlar í daglegri starfsemi eru kortlagðir og skráðir og umbætur eru gerðar á starfseminni þegar tilefni er til og byggja á reglulegri yfirferð verkferla.

- *Ferlar*
Verkferlar eru skjalfestir og í stöðugri þróun til að mæta þörfum viðskiptavina og hagsmunaaðila. Þannig tryggir stofnunin einnig að þekking sé skráð og varðveitt.
- *Eftirlit*
Tryggt er að verkferlum sé fylgt með því að fylgjast með helstu áhættuþáttum, beita markvissum eftirlitsaðgerðum og takast á við frávík.
- *Umbætur*
Umbótahugsun er virk í menningu starfsmanna og áhersla á að hugmyndum sem fjalla um tækifæri til breytinga eða umbóta sé veitt brautargengi. Vægi faglegrar verkefnisstjórnunar verður aukið.

Verkfærin

Við horfum til þess að hafa rétt verkfæri, þróa upplýsingakerfi í takt við þarfir notenda og auka samræmi á milli ólíkra kerfa. Þá eru uppi auknar kröfur um sjálfvirkni í ferlum og í þjónustu almennt.

- *Þróun*
Upplýsingakerfi eru þróuð í takti við þarfir notenda. Framtíðarsýn okkar á þróun kerfa er mótuð út frá heildarhagsmunum notenda og horft til einföldunar og hagræðingar í rekstri.
- *Skilvirkni*
Upplýsingakerfi eru eftir atvikum öllum aðgengileg og viðskiptavinir geta afgreitt sig sjálfir þar sem því verður komið við.
- *Fræðsla*
Nýting upplýsingakerfa er aukin með fræðslu og þjálfun þar sem þörf krefur og horft til þess að nýta fjölbreyttar leiðir til að miðla fræðsluefni til notenda.

Viðskiptavinir

Við ætlum að veita vandaða og vel skilgreinda þjónustu með sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost. Auknar kröfur eru gerðar um aðgengi að upplýsingum um ríkisreksturinn og við munum leggja okkar af mörkum til að mæta þeim.

- *Samræmi*
Fjársýslan veitir þjónustu þar sem haldið er utan um fyrirspurnir og þjónustubeiðnir á einum stað. Verkaskipting á milli FJS og viðskiptavina er skýr og vel þekkt.
- *Sjálfvirkni*
Sjálfsafgreiðsla er skýr fyrsti valkostur í þjónustu og viðskiptavinir geta lokið sínum málum með rafrænum hætti þar sem því verður komið við.
- *Upplýsingagjöf*
Fjárhagsupplýsingar hins opinbera eru greinargóðar, áreiðanlegar og birtar tímanlega. Unnið verður að auknu aðgengi, sýnileika og gegnsæi á fjárhagsupplýsingum.

Við

Við leggjum áherslu á að Fjársýslan sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og metnaðarfullt fólk. Lögð er áhersla á jafnrétti, liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi.

- *Jafnrétti*
Starfsfólk nýtur jafna tækifæra til starfsþróunar og frammistaða getur haft áhrif á framgang og umbun í starfi. Sömu kjör eru í boði fyrir sambærileg störf og laun eru metin reglubundið út frá ábyrgð og verkefnum.
- *Starfsánægja*
Áhersla er á að stjórnun, starfsumhverfi og búnaður sé til fyrirmyndar. Starfsþróunar-möguleikar eru fyrir hendi og ákvarðanir sem varða starfsmenn eru byggðar á faglegum forsendum.
- *Þekkingaröflun*
Starfsfólk fær tækifæri til að þroskast í starfi. Það er hvatt til að sýna frumkvæði, afla sér þekkingar og beita henni í starfi sínu.

Við horfum til þess að hafa rétt verkfæri, þróa upplýsingakerfi í takt við þarfir notenda og auka samræmi á milli ólíkra kerfa

Við ætlum að veita vandaða og vel skilgreinda þjónustu með sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost

Við leggjum áherslu á að FJS sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og metnaðarfullt fólk



Frá Grimsey

Starfsemi FJS einkenndist helst af nýjum áskorunum sem komu upp við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál

Gerðir voru stofnefnahagsreikningar 01.01.2017 fyrir allar stofnanir ríkisins sem gerðir voru á grundvelli hinna breyttu reiknings-skilareglna (LOF)

Orlofsskuldbinding er nýtt verkfæri sem reiknar út leyfissskuldbindingar stofnana. Hjá þeim stofnunum sem nota Vinnustund eru upplýsingar um leyfisstöðu sóttar þangað sem auðveldar allt ferlið og ætti að vera stofnunum hvatning til innleiðingar á Vinnustundinni



Frá Fjallabaki

STARFSEMIN Á ÁRINU

Fyrir utan hefðbundin verkefni einkenndist starfsemi FJS helst af nýjum áskorunum sem komu upp við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál. Ríkisreikningur fyrir árið 2016 kom út um miðjan maí 2017.

Sem fyrr var lögð áhersla á að gæta aðhalds í rekstri stofnunarinnar án þess að það bitnaði um of á gæðum þjónustunnar og starfsánægju. Afkoman í heild var jákvæð um 4 m.kr.

Veruleg vinna fór í það á árinu að leysa flækjur sem upp komu við færslu bókhalds með gildistöku nýrra laga um opinber fjármál (LOF) í ársbyrjun 2017. Vinnan fólst m.a. í breytti bókhaldsmeðferð, mati og uppgjöri á ýmsum skuldbindingum s.s. orlofsskuldbindingu vegna orlofsréttar ríkisstarfsmanna og eignfærslu á varanlegum rekstrarfjármunum. Gerðir voru stofnefnahagsreikningar 01.01.2017 fyrir allar stofnanir ríkisins sem gerðir voru á grundvelli hinna breyttu reiknings-skilareglna (LOF).

Mikil starfsmannaveita var á árinu 2017. Alls hættu sjö starfsmenn á árinu og þar af sex vegna aldurs og tíu nýir starfsmenn voru ráðnir inn. Áætlanir gera ráð fyrir að allt að 25% starfsmanna sem voru við störf í byrjun árs 2017 muni hætta á næstu fimm árum vegna aldurs en starfsaldur og lífaldur hefur verið nokkuð hár í FJS. Störfin hafa í mörgum tilfellum breyst og kröfurnar og verkefni eru orðin flóknari. Fjölgun hefur verið í háskólamenntuðum starfsmönnum og búist er við að sú þróun haldi áfram. Í kjölfar sameiningar tekjubókhaldssviðs og ríkisféhirðis í nýtt fjárreiðusvið var ráðinn nýr forstöðumaður sviðsins og hóf hann störf í lok maí 2017. Seinni hluta ársins voru ráðnir inn til stofnunarinnar bæði gæðastjóri og verkefnastjóri. Var sú ákvörðun tekin í framhaldi af stefnumótunarvinnu FJS frá árinu áður. Gæðastjóri mun m.a. vinna að jafnlaunavottun hjá stofnuninni, yfirfara alla ferla og einnig koma að vinnu vegna laga um persónuvernd sem taka gildi á árinu 2018. Undirbúningur vegna nýrra persónuverndarlaga hófst á árinu 2017. Gæðaráð var skipað í desember 2017 en hlutverk þess er að styðja við framtíðarsýn FJS með virku gæða- og umbótastarfi.

Eins og fyrr ári tók FJS þátt í könnuninni „Stofnun ársins“. Tilgangur könnunarinnar er að velja „Stofnun ársins“ og á sama tíma gefa stjórnendum upplýsingar um hvað sé vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhorni starfsfólksins. Í könnuninni er margþætt mat á innviðum vinnustaða, svo sem samskiptum, stjórnun og starfsumhverfi. FJS lenti í 16. sæti af 86 í flokki stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri. Stefnt er að því að gera enn betur á næsta ári. Til að mæla enn frekar stöðu í innra starfi FJS með umbætur í huga var samið við ráðgjafafyrirtæki um gerð reglulegra árangursmælinga á starfsemi t.d. er varðar ánægju starfsmanna, gæði stjórnunar o.fl. Fyrsta mælingin fór fram í nóvember 2017.

Orlofsskuldbinding er nýtt verkfæri sem reiknar út leyfissskuldbindingar stofnana. Hjá þeim stofnunum sem nota Vinnustund eru upplýsingar um leyfisstöðu sóttar þangað sem auðveldar allt ferlið og ætti að vera stofnunum hvatning til innleiðingar á Vinnustundinni hafa þær ekki

gert það nú þegar. Útbúin voru tvö kennslumyndbönd með leiðbeiningum hvernig ætti að fara með orlofsskuldbindingar og eru þau aðgengileg á vef FJS.

Auk fjölda námskeiða sem FJS stóð fyrir á árinu 2017 fyrir notendur kerfa ríkisins hélt FJS stóra og fjölmenna ráðstefnu á hótél Nordica þann 24. maí og var þemað innleiðing laga um opinber fjármál. FJS tók einnig þátt í framadögum háskólanna eins og árið áður og fékk stofnunin margar sumarstarfsúmsóknir í kjölfarið.

Starfsmannafélag FJS var mjög virkt á árinu og stóð fyrir mörgum viðburðum.

Stöðugt er unnið að því að þróa, einfalda og bæta bókhalds- og greiðsluþjónustu FJS. Á árinu 2017 voru um 275 fjárlagaliðir í þjónustu FJS, þar af 100 ráðuneyti og stofnanir. Á árinu fór töluverð vinna í breytingar og aðlaganir á bókun og ferlum vegna LOF, laga um opinber fjármál, má þar helst nefna færslumeðferð á eignakaupum ríkis- aðila sem áður voru gjaldfærð að fullu við kaup en eru nú færð upp á eignaskrá og afskrifaðar yfir nýtingatíma eignarinnar. Áfram fjölgaði þeim aðilum sem senda rafræn greiðslufyrirmæli til FJS, samhliða greiðslum verða til færslur inn í bókhald viðkomandi fjárlagaliða. Hér er aðallega um að ræða greiðslur á framlögum, styrkjum og bótum. Aðilar sem nýta sér þessa þjónustu eru m.a. Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingar Íslands, Orkustofnun, Fjarskiptasjóður, Umhverfisstofnun, ráðuneyti o.fl.

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS snýr að umsjón með þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir. Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti sem snúa að veigamestu kerfunum þ.e. Orra og TBR á árinu.

Orra, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Áfram var unnið að þróun á Orra í samvinnu við stærstu notendur. Í aðalatriðum gekk rekstur kerfisins vel og ákveðið var að fresta stórra útgáfubreytingu til ársins 2018. Helstu breytingar á árinu tengdust LOF og náðu þær til nokkurra kerfishluta Orra en mestar breytingar voru í fjárhagshluta kerfisins. Helst má nefna:

- **Eignakerfi fyrir fastafjármuni.** Töluverð vinna var á árinu við að þróa áfram kerfið, smíða skýrslur og lagfæra gögn þar sem í ljós kom að stofnanir höfðu ekki yfirfarið gögnin sem skyldi. Unnið var að útfærslu á verkum í vinnslu
- **Mat á orlofsskuldbindingu og fleiri skuldbindingum vegna launa.** Samkvæmt IPSAS þurfa allar skuldbindingar að vera færðar. Kerfið var að mestu tilbúið árið 2016 en áfram var unnið að þróun s.s. bæta skjámyndir og úttak úr kerfinu
- **Vöruhús gagna.** Á árinu var tekið í notkun nýtt vöruhús gagna þar sem gögn aðallega úr GL eru gerð aðgengileg fyrir notendur og forritara. Ríkisreikningur ársins 2017 verður að mestu unninn með gögnum úr vöruhúsinu. Byrjað var á árinu að kynna þetta fyrir notendum

FJS hélt stóra og fjölmenna ráðstefnu á hótél Nordica þann 24. maí og var þemað innleiðing laga um opinber fjármál

Á árinu 2017 voru um 275 fjárlagaliðir í þjónustu FJS, þar af 100 ráðuneyti og stofnanir

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS snýr að umsjón með þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir

FJS og fjármála- og efnahagsráðuneytið unnu í sameiningu að innleiðingu í kjölfar útboðs á nýju áætlanagerfi fyrir ríkis- aðila




Skógarfoss

Á árinu voru 12 útgáfur af TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minniháttar breytingum á einstökum kerfishlutum

- **Nýtt áætlanagerfi.** FJS og fjármála- og efnahagsráðuneytið unnu í sameiningu að innleiðingu í kjölfar útboðs á nýju áætlanagerfi fyrir ríkisaðila. Um 40 stofnanir og ráðuneyti tóku þátt í fyrsta fasa innleiðingarinnar á árinu en allar stofnanir ríkisins taka kerfið í notkun á árinu 2018.
- **Samþykkt reikninga.** Byrjað var að endurhanna hluta af samþykkt reikninga í AP til að auðvelda notendum dagleg störf og bæta möguleika til að stýra kerfinu. Jafnframt var skýrslugerð úr gagnadagbók fyrir móttækna reikninga bætt verulega
- **Staðgreiðsluskil.** Í launakerfi var nokkur vinna við að endurgera staðgreiðsluskil í samræmi við breyttar reglur um skil, nýir möguleikar komu í skjámyndum um starfssögu og persónuafslátt
- **Leyfisúttekt.** Oracle framkvæmdi leyfisúttekt á árinu og fór mikil vinna í að vinna á móti Oracle og yfirfara stillingar í kerfinu. Niðurstöður úttektar lágu fyrir á árinu 2018 og í ljós kom að notkun var innan heimilda

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR). Á árinu voru 12 útgáfur af TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minniháttar breytingum á einstökum kerfishlutum. Í útgáfum ársins var stefnan að auðvelda vinnu í kerfinu og að gera gjaldendum auðvelt að fá upplýsingar um stöðu sína gagnvart innheimtumanni ríkissjóðs. Einnig var áhersla ársins á innleiðingu rafrænna reikninga hjá stofnunum sem nota TBR til innheimtu. Önnur atriði sem má nefna:

- Nýjar reglur um skuldajöfnuð voru innleiddar í álagningarvinnslu
- Unnið var að innleiðingu Web Methods sem breyta samskiptamáta TBR t.d. við island.is
- Innleiðing rafrænna reikninga hélt áfram
- Greiningarvinna hófst á innleiðingu á vöruhúsi gagna í TBR
- Greiningarvinna hófst á innleiðingu á stafrænum þjónustum á island.is
- Fjölgun á launagreiðendum í rafrænum skilum



Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í samvinnu við fjársýslustjóra

Afkoma FJS var jákvæð um 4,4 millj. kr. á árinu 2017



Frá Mývatni

Nýr stofnefnahagsreikningur var gerður 1. janúar 2017 á grundvelli hinna breyttu reikningskilareglna með breytingum frá fyrri reikningskilaaðferðum

Fjármál

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð ársáætlunar í samvinnu við fjársýslustjóra. Í tengslum við gerð ársáætlunar er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá dýpri sýn á fjármálin og tryggja samræmda forgangsröðun verkefna. Jafnframt er unnið sameiginlega að gerð þriggja ára áætlun og ársskýrslu fyrir stofnunina. Þriggja ára áætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma. Ársáætlunin tekur jafnan mið af samþykktri þriggja ára áætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Ársreikningur fyrir árið 2017 er fyrsti reikningurinn sem gerður er samkvæmt nýjum lögum sem byggja m.a. á alþjóðlegum reikningskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS). Helstu breytingar eru að reikningsskil skulu alfarið vera á rekstrargrunni. Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætlunum notkunartíma en þeir voru áður gjaldfærðir í rekstrarreikningi. Skuldbinding vegna orlofsréttar starfsmanna í árslok 2016, áfallin og gjaldfallin, er færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 og yfir eigið fé.

Afkoma Fjársýslunnar var jákvæð um 4,4 millj. kr. á árinu 2017. Rekstrargjöld ársins voru 1.839,4 millj. kr., seld þjónusta var 26,8 millj. kr. og tekjufært framlag 1817,0 millj. kr. Til viðbótar eru gjaldfærðar afskriftir 9,8 millj. kr. sem eru fjármagnaðar með tekjufærslu frestaðra tekna.

Afkoma FJS 2017

Í millj. kr.	2017
Rekstrargjöld	945,4
Rekstur upplýsingakerfa	894,0
Seld þjónusta	-26,8
Framlag ríkissjóðs	-1.817,0
Afskriftir	9,8
Tekjufærsla frestaðra tekna	9,8
Afkoma ársins	4,4

Nýr stofnefnahagsreikningur var gerður 1. janúar 2017 sem gerður er á grundvelli hinna breyttu reikningskilareglna með breytingum frá fyrri reikningskilaaðferðum. Samanburður í efnahagsreikningi í lok ársins 2017 er við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 þar sem samanburðartölur við fyrra ár eru ekki samanburðarhæfar vegna breyttra reikningskilareglna.

Efnahagsreikningur

Í millj. kr.	31.12.2017	01.01.2017
Eignir		
Fastafjármunir	108,1	27,6
Veltufjármunir	261,0	168,1
Eignir samtals	369,1	195,7
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	102,0	24,9
Skuldir	267,1	170,8
Eigið fé og skuldir samtals	369,1	195,7

Í árslok var eiginfjárstaðan jákvæð um 102 millj.kr. Skýringar 9, 12, 14 og 17 í ársreikningi FJS sem birtur er hér aftast í skýrslunni skýrir helstu breytingar frá stofnefnahagi til stöðu í árslok, að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS.




Úr Þórsmörk

Í árslok var eiginfjárstaðan jákvæð um 102 millj.kr.

Í árslok 2017 voru starfsmenn FJS 80 en 77 árið á undan

Kynjahlutfall starfsmanna




Háskólamenntaðir eru um 58% starfsmanna, voru 50% árið áður og viðskiptafræðingar eru í meirihluta

Á árinu 2017 nýttu 10 starfsmenn samgöngustyrk

Starfsmenn og þróun

Í árslok 2017 voru starfsmenn FJS 80 en 77 árið á undan. Karlmennt voru færri en konur, 26 samanborið við 54 konur. Kynjahlutfall sjór-enda skiptist þannig að þar eru 2 konur á móti 5 körlum. Myndirnar sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall og aldursdreifingu.

Fjöldi starfsmanna eftir sviðum




Á myndina vantar þrjú starfsmenn, þ.e. fjársýslustjóra, einn starfsmann sem vinnur við innra eftirlit og gæðastjóra.

Á árinu 2017 hættu sjö starfsmenn. Sex hættu vegna aldurs og einn sagði upp. Tíu starfsmenn voru ráðnir á árinu. Starfsmannavelta var 8,8% en var árið áður 5,2%.

Meðalaldur starfsmanna í lok árs 2017 var 50,6 ár og hefur lækkað um eitt og hálft ár frá síðasta ári. Háskólamenntaðir eru 58% en voru 50% árið áður og viðskiptafræðingar eru í meirihluta.

Aldursdreifing starfsmanna



Stofnunin vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks síns, sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Samgöngustyrkur var því innleiddur hjá FJS frá ársbyrjun 2015. Á árinu 2017 nýttu 10 starfsmenn samgöngustyrk sem er það sama og árið á undan.

Veikindi voru eftirfarandi hjá FJS árið 2017: Skammtímaveikindi 34 starfsmenn, miðlungsveikindi 26 starfsmenn og langvarandi veikindi 11 starfsmenn. Veikindadagar sem flokkast undir skammtíma- og miðlungsveikindi voru 6,8 dagar að meðaltali samanborið við 7,9 daga árið 2016.

Stuðst er við skilgreiningu frá Virk starfsendurhæfingu á veikindum, þ.e skiptingu í skammtíma-, miðlungs-, og langvarandi veikindi. Skammtímaveikindi teljast vera minna eða sama sem 5 virkir dagar á ári, miðlungsveikindi eru 6 til 20 virkir dagar og langtímaveikindi meira en 20 virkir dagar. Allir útreikningar á veikindum miðast við virka daga.

Stöðugildi í árslok 2017 voru 78,66.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2017 er aftast í skýrslunni.

Stöðugildi í árslok 2017 voru 78,66.



Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Í B-, og C-hluta ríkisreiknings árið 2017 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 32 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Ríkisreikningur fyrir árið 2017 er fyrsti reikningurinn sem gerður verður upp samkvæmt nýjum lögum sem byggja m.a. á alþjóðlegum reikningskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS).



Kennitölur

Hér koma fram ýmsar lykiltölur með upplýsingum um starfsemi Fjársýslu ríkisins. Sýndar eru ýmsar magntölur yfir starfsemina frekar en að draga fram kostnaðinn af henni. Slíkar upplýsingar koma að góðu gagni í tengslum við forgangsróðun verkefna og stefnumótun. Hagnýtt gildi þeirra er ótvírætt og mikilvægt að nýta þær til stjórnunar og eftirlits með því að bera útkomuna saman við upphafleg markmið. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða vísbendingu um hvar má gera betur og möguleika á aukinni hagræðingu.

Gerð ríkisreiknings

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt er safnað á einn stað upplýsingum um fjármál allra ríkisaðila og gefin glögg mynd af heildarumsvifum ríkisins.

Samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (LOF) sem tóku gildi í ársbyrjun 2016 breyttist skilgreining á aðilum sem heyra undir ríkissjóð. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum var áhrifum þeirra á uppgjör ríkisreiknings frestað til ársins 2017.

Til A-hluta telst öll starfsemi og verkefni sem eru fjármögguð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum. Fjöldi fjárlagaliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

Fjöldi	2017	2016
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	9	9
Ríkisstofnanir	164	167
Tilfærsluliðir	91	80
Aðrir liðir	108	102
Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings	372	378

Til B-hluta teljast fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin á ábyrgð ríkissjóðs. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru og þjónustu til almennings og fyrirtækja. Til C-hluta teljast sameignar- og hlutafélög í meirihlutaeign ríkisins. Til C-hlutans telst einnig Seðlabanki Íslands.

Í B- og C-hluta ríkisreiknings árið 2017 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 32 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Þar af eru 9 aðilar í B-hluta og 23 aðilar í C-hluta.

Ríkisreikningur fyrir árið 2017 er fyrsti reikningurinn sem gerður verður upp samkvæmt nýjum lögum sem byggja m.a. á alþjóðlegum reikningskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS).

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum er greiðsluþjónusta FJS tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð en hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar ríkisstofnanir.

Fjöldi innleggja á bankareikninga	2017	2016
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	201.763	184.346
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	260.395	266.714
Bankainnlegg vegna orlofsgreiðslna	162.056	158.832
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	287.089	269.376
Fjöldi bankainnleggja	911.303	879.268

Fjöldi innleggja fjölgaði um 3,6% á milli ára.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er einkum vegna greiðslu á launum til ríkisstarfsmanna og framlögum til ríkisstofnana og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná meðal annars til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til greiðslna af teknum lánnum ríkissjóðs og innheimtu af veittum lánnum ríkissjóðs


Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir nær einkum til greiðslna á reikningum vegna rekstrarkostnaðar, styrkveitinga og samninga. Í flestum tilvikum annast stærri ríkisstofnanir sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

Fjöldi	2017	2016
Ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS	100	102
Skráðir reikningar	84.612	89.978
Rafrænir reikningar	87.025	77.364
Bókaðar færslur, án rafrænna reikninga	567.208	717.099
Bókaðar færslur, rafrænir reikningar	650.708	451.902
Skönnuð skjöl	589.808	623.082

Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu við bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS og einnig eru þær allar í greiðsluþjónustu.

Fjöldi	2017	2016
Ráðuneyti og stofnanir í bókhaldsþjónustu FJS	100	102
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	73	74
Samtals	173	176



FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu við bókhald og námskeiðahald sem tengist því

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæfð heildarlausn í viðskiptahugbúnaði





Frá Þórsmörk

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samþæfð heildarlaun í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagskerfi, mannauðskerfi, verkþókhaldi, innkaupakerfi, eignakerfi o.fl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara yfir netið. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingum við þjóðskrá, íslenska banka og tekur einnig mið af íslenskum reglum um virðisaukaskatt.

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Eignaskráningarkerfi er hluti af fjárhagskerfinu og hefur það verið sett upp hjá stofnunum. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni.

Fjöldi	2017	2016
Ráðuneyti og ríkisstofnanir sem nota Orra	165	167
Ríkisstofnanir utan Orra	8	9
Samtals	173	176
Hlutfall þeirra sem nota Orra	95,4	94,9

Mannauðskerfið heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins. Starfsmannahlutinn hefur að geyma víðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem þarf við launaútreikninga í launagreiðsluhlutanum. Í kerfinu eru greidd laun allra starfsmanna hjá A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B-hluta stofnunum.

Fjöldi	2017	2016
Launþegar að meðaltali á mánuði	23.089	22.557
Launavinnskur á árinu	14	14
Launaseðlar á árinu	292.348	286.898

Vinnustund er vaktaáætlunar- og viðverukerfi sérhannað af Advania. Kerfið heldur utan um tíma- og fjarvistarskráningar starfsmanna ásamt því að vera öflugt tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra. Kerfið er sérniðið að þörfum ríkisstofnana og tengist beint við mannauðskerfi Orra.

Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 114 talsins og eru með um 87% af starfsmannafjölda ríkisstofnana. Lögð er rík áhersla á að sem flestar ríkisstofnanir innleiði kerfið.

Sérstaklega er það mikilvægt því samkvæmt lögum um opinber fjármál ber að reikna út og færa áfallið orlof starfsmanna mánaðarlega.

Ráðningarkerfið hefur verið í notkun í nokkur ár og var haldið áfram með innleiðingu þess hjá stofnunum. Um 46 stofnanir notuðu kerfið til að auglýsa störf á árinu og 25 af þeim notuðu ráðningarkerfið til að ganga frá ráðningu 2.987 starfsmanna samanborið við 1.932 starfsmenn árið áður.

Aðrir kerfishlutar sem settir hafa verið upp í Orra eru: fræðslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi, ferðauppgjörskerfi, vörustýring, verkþókhald, birgðir, pantanir, vefverslun og samningakerfi. Sjálfsafgreiðslan er aðgengileg öllum starfsmönnum ríkisins en notkun á hinum kerfishlutunum er mjög mismunandi eftir stofnunum. Þar skiptir stærð og eðli stofnananna mestu. Landsspítalinn er t.d. stór aðili í vörustýringu og birgðahaldi og Vegagerðin í verkþókhaldi. Sífellt fleiri stofnanir telja sig hafa þörf fyrir að taka upp vörustýringu og verkþókhald. Sett hefur verið upp í Orra samningakerfi þar sem haldið er utan um samninga um fjárframlög.

Lánakerfi ríkisins

FJS heldur utan um tekin og veitt lán ríkissjóðs og er það gert í lánakerfinu Libra Loan. Þar er einnig haldið utan um skuldaviðurkenningar. Áfram hefur verið unnið að því að þróa kerfið frekar og efla virkni þess. Tiltölulega nýtt í kerfinu er fjárstreymislíkan sem nýtist fjármála- og efnahagsráðuneytinu við skuldastýringu. Í árslok 2017 voru veitt lán 268 að tölu og tekin lán 318.

Tekjubókhaldskerfi ríkisins


FJS hefur umsjón með tveimur kerfum, sem notuð eru við innheimtu tekna ríkissjóðs og skiptingu þeirra þar sem það á við, svo sem til sveitarfélaga, Tekjubókhaldskerfi ríkisins og Innheimtuskilakerfi,

Fjöldi	2017	2016
Útgefnir greiðsluseðlar	1.118.947	1.059.372
Útgefnir gíróseðlar	562.602	518.593
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.483.830	1.350.978
Útsend innheimtubréf	171.074	181.625

Í heild voru útgefnir seðlar tæplega 1,7 milljónir á árinu 2017, fjölgaði um 6,6% frá árinu á undan.

Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 114 talsins og eru með um 87% af starfsmannafjölda ríkisstofnana

Ráðnir voru 2.987 starfsmenn í gegnum ráðningarkerfið á árinu 2017



Frá Hálendinu

Sífellt fleiri stofnanir sjá sér hag í því að taka upp vörustýringu og verkþókhald

Í árslok 2017 voru veitt lán 268 að tölu og tekin lán 318

Útgefnum seðlum fjölgaði um 6,6% frá árinu á undan



Mývatn

Á árinu 2017 sóttu um 295 þátttakendur 39 námskeið hjá FJS

Uppgjör og skil á staðgreiðslu

FJS sér á hverjum degi um skiptingu og skil á innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Þá sér FJS einnig um skil á hlutdeild sókna og trúfélaga í tekjuskatti.

Fjöldi	2017	2016
Sveitarfélög	75	75
Sóknir	339	338
Kirkjugarðar (Kirkjugarðaráð Íslands og Kirkjugarðasjóður)	2	2

Námskeið

Fræðsla er þýðingarmikill þáttur í starfsemi FJS. Á árinu 2017 sóttu 295 þátttakendur 39 námskeið hjá FJS. Þessi námskeið voru í Orra, Vinnustund og gerð rekstraráætlana. Einnig voru haldin ýmis sértæk námskeið fyrir stofnanir, þar á meðal voru námskeið í launaafgreiðslu, rafrænum reikningum, samþykktarferlum, fyrirspurnum í Orra og vefskýrslum. Haldnar voru kynningar í tengslum við eignakerfið og einnig var farið í heimsóknir til sýslumannsembætta vegna TBR. Kennsluefnið er aðgengilegt á [heimasíðu FJS](#) en þar er einnig boðið upp á skráningu á þau námskeið sem stofnunin heldur hverju sinni.



Við Mývatn

09-103 Fjársýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR

2017



Skýrsla og áritun Fjársýslustjóra

Fjársýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta. Starfsemi stofnunarinnar er að annast fjárreiður ríkissjóðs á grundvelli ákvæða í Lögum um opinber fjármál.

Á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) var gerður stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2017 sem byggir á ákvæðum laganna. M.a. leiddi það til að varanlegir rekstrarfjármunir voru eignfærðir og orlof skuldfært. Þar sem breytingar þessar hafa mikil áhrif á liði í rekstrar- og efnahagsreikningum hefur reikningskilaráð A-hluta ríkissjóðs ákveðið að samanburðartölur við fyrra ár séu ekki birtar. Samanburður er í efnahagsreikningi við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 sem gerður var á grundvelli hinna breyttu reikningskilareglna skv. LOF.

Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar á árinu 2018 verði með svipuðu sniði og undangengið ár.

Það er álit mitt að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri og sjóðstreymi ársins 2017 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjársýslu ríkisins í lok árs 2017 í samræmi við lög um opinber fjármál, ársreikningalög og ákvarðanir reikningskilaráðs A-hluta ríkissjóðs.

Fjársýslustjóri staðfestir hér með ársreikning Fjársýslu ríkisins 2017 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl 2018

Yfirlit um afkomu ársins 2017

	Skýr	2017
Tekjur samtals		
Framlög ríkissjóðs	3	1.816.960.999
Seld þjónusta	4	26.839.737
Tekjufærsla frestaðra tekna	3	9.769.842
Tekjur samtals		1.853.570.578
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	5	798.915.354
Annar rekstrarkostnaður	6	1.040.440.490
Afskriftir	7	9.769.842
Gjöld samtals		1.849.125.686
Afkoma fyrir fjármagnsliði		4.444.892
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	8	(12.504)
		(12.504)
Afkoma ársins		4.432.388

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr	31.12.2017	Stofnefnahags- reikningur 1.1.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Óefnislegar eignir	9	76.824.455	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		31.258.926	27.608.161
Fastafjármunir samtals		108.083.381	27.608.161
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	41.208	1.023.514
Tengdir aðilar	12	231.615.566	147.198.548
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	29.366.497	19.855.797
Veltufjármunir samtals		261.023.271	168.077.859
Eignir samtals		369.106.652	195.686.020
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		102.017.720	24.857.705
Eigið fé samtals		102.017.720	24.857.705
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar		30.503	370.968
Viðskiptaskuldir	15	55.037.296	50.122.674
Ýmsar skammtímaskuldir	16	90.573.825	73.556.524
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	17	121.447.308	46.778.149
Skuldir samtals		267.088.932	170.828.315
Eigið fé og skuldir samtals		369.106.652	195.686.020
Aðrar upplýsingar	18		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreikningsins

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr	2017
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins		4.432.388
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	7	9.769.842
Söluhagnaður		<u>(9.769.842)</u>
		4.432.388
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(8.528.394)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir		<u>21.931.923</u>
		13.403.529
Handbært fé frá rekstri		17.835.917
Fjárfestingahreyfingar		
Kaupverð óefnislegra eigna	9	(79.306.061)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	<u>(10.939.001)</u>
		(90.245.062)
Fjármögnunahreyfingar		
Tengdir aðilar		(12.029.856)
Fjárfestingaheimild	14	<u>84.439.001</u>
		72.409.145
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0
Handbært fé í byrjun árs		<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymis

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Stofnefnahagsreikningur er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkisins að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS, (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, eftir því sem við á. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Breytingum frá fyrri reikningsskilaaðferðum voru gerðar í Stofnefnahagsreikning 1/1 2017 og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði staðals IPSAS 33, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Nokkur breyting verður á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu fyrir árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar að því er stofnefnahagsreikninginn og reikningsskil ársins 2017 varðar eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna og eign- og skuldfærsla fyrirfram- og eftirgreidds kostnaðar.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem keyptir voru fyrir 1.1 2017, eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum frá upphafsdegi notkunar til ársloka 2016. Varanlegir rekstrarfjármunir voru áður gjaldfærðir sem stofnkostnaður í rekstrarreikningi

Skuldbinding vegna orlofsréttar starfsmanna í árslok 2016, áfallin og gjaldfallin, er færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 og yfir eigið fé. Áður var þessi skuldbinding ekki bókuð á tímabil, en gjaldfærsla átti sér stað á árinu eftir eða síðar við úttekt orlofsréttarins. Við gerð ársreiknings er áætlað mótframlag ríkissjóðs á móti orlofsskuldbindingu 1/1 2017 og er sú áætlun færð yfir eigið fé.

Fjárheimildir vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og ætlað er að mæta kostnaði á síðari tímabilum eru skuldfærðar sem frestaðar tekjur, en ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar, með framlögum. Við innfærslu varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestinga.

Ónotuð fjárfestinarheimild í árslok 2016 er í stofnefnahagsreikningi færð sem frestaðar tekjur og nýtist á móti fjárfestingum ársins 2017.

1.2 Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga eru færðar til að mæta þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í forni afskrifsta, úreldingar eða sölutaps.

1.2 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Skýringar

1.3 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Aðrar óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru síðar færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartíma tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innlestur hagnaður og tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna eru færður í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í yfirlit um afkomu.

1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum til ársloka 2016, eins og stofnunin hafi beitt ákvæðum ársreikningalaga um eignfærslu og afskriftir frá því kaup áttu sér stað. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð í upphafi á gangvirði til tekna í yfirliti um afkomu, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður 10-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð eigna er meðhöndlað sem fjárfestingaheimild enda sé annarra eigna aflað í stað þeirra seldu. Ef tap er á sölu eigna, þ.e. söluverð er lægra en bókfært verð á söludegi er það gjaldfært í yfirliti um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eign verði hæfari til tekjuöflunar eða þjónustuveitingar eða nýtingartími eykst. Endurbætur eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eignar.

1.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

1.5 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

1.6 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðrir ríkisaðilar í A-hluta.

Skýringar

2 Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

	2017
3 Framlög ríkissjóðs	
Fjárheimildir ársins	1.827.900.000
Fjárheimild flokkuð sem fjárfestingarheimild.....	(10.939.001)
Framlög ríkissjóðs	1.816.960.999
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.769.842
	<u>1.826.730.841</u>

4 Seld þjónusta

Verksala	14.056.800
Veitinga- og gistiþjónusta	4.107.637
Fræðslustarfsemi og fundir	8.675.300
	<u>26.839.737</u>

5 Laun og launatengd gjöld

Dagvinnulaun	547.519.839
Aukagreiðslur	11.234.291
Yfirvinna	76.471.170
Áfallið orlof, breyting	10.279.895
Launatengd gjöld	147.140.714
Starfsmannakostnaður	6.269.445
	<u>798.915.354</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	76
------------------------------	----

6 Annar kostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.þ.h. vörur	2.734.888
Byggingarvörur, almennar	157.240
Ýmis tæki og áhöld (ekki eignfærð)	1.445.274
Varahlutir og viðhaldsvörur	6.904
Orkugjafar	2.789.314
Matvæli o.fl.	8.886.310
Almennar rekstrarvörur	950.711
Vörukaup, almenn	<u>16.970.641</u>

Kennslu- og fönðurvörur o.fl.	16.380
Ýmsar sérgreindar vörur	481.179
Vörukaup, sérgreind	<u>497.559</u>

Skýringar

6 Annar kostnaður, frh.

Fundir, námskeið, risna	5.476.802
Ferðir, upphald	1.469.508
Akstur	2.038.713
Sérfræðiþjónusta	787.901.486
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	72.691
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.214.901
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	7.182.451
Þjónusta	806.356.552

Afnotagjöld	115.228.314
Leigugjöld	88.009.504
Notkun véla og flutningatækja	171.812
Verkkaup	10.838.181
Kostnaðarhlutdeild	2.146.494
Tryggingar, lögboðnar	0
Styrkir	160.000
Opinber gjöld	61.433
Þjónusta, bætur, tryggingar og opinber gjöld	216.615.738

Annar kostnaður samtals	1.040.440.490
-------------------------------	---------------

7 Afskriftir og niðurfærslur

Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	7.259.761
Rannsóknartæki	28.475
Niðurfærsla óefnislegra eigna	2.481.606
Afskriftir	9.769.842

8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur

Fjármagnskostnaður	12.504
.....	12.504

9 Óefnislegar eignir

	31.12.2017	1.1.2017
Staða 1.1.2017	0	0
Viðbætur á árinu	79.306.061	0
Óefnislegar eignir, niðurfærsla ársins	(2.481.606)	0
.....	76.824.455	0

Skýringar

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2017	1.1.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður	31.042.981	27.363.741
Rannsóknartæki	215.945	244.420
.....	31.258.926	27.608.161

Kostnaðarverð varanlegar rekstrarfjármuna og afskriftir greinast þannig í árslok 2017:

	Áhöld og búnaður	Tæki	Samtals
Staða 1.1.2017	41.293.467	284.759	41.578.226
Viðbætur á árinu	10.939.001	0	10.939.001
.....	52.232.468	284.759	52.517.227
Afskrifað 1.1.2017	13.929.726	40.339	13.970.065
Afskrift ársins	7.259.761	28.475	7.288.236
.....	21.189.487	68.814	21.258.301
Staða 31.12.2017	31.042.981	215.945	31.258.926

31.12.2017 **1.1.2017**

11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	41.208	1.023.514
Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
.....	41.208	1.023.514

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningar við ríkissjóð	157.982.039	146.591.248
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta	905.900	607.300
Áætluð leiðrétting vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017	72.727.627	0
.....	231.615.566	147.198.548

13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	20.069.960	19.855.797
Endurgreiðslur	9.296.537	0
.....	29.366.497	19.855.797

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á hreinni eign

	Hrein eign
Jöfnuður 1.1. 2017	24.857.705
Áætluð leiðrétting vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017	72.727.627
Afkoma ársins	4.432.388
Jöfnuður 31.12.2017	102.017.720

Orlofsskuldbinding að fjárhæð kr. 72,7 milljónir var færð yfir höfuðstól í stofnefnahagsreikningi. Áætlað framlag á móti henni er fært yfir eigið fé skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ekki liggur fyrir samþykkt Alþingis á framlaginu.

Skýringar

	31.12.2017	1.1.2017
15 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	55.037.296	50.122.674
	<u>55.037.296</u>	<u>50.122.674</u>
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	81.933.365	72.727.627
Ógreidd laun	7.272.019	0
Önnur ógreidd gjöld	1.368.441	828.897
	<u>90.573.825</u>	<u>73.556.524</u>

17 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestinga.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárheimilda	108.083.381	27.608.161
Ónotuð fjárfestingarheimild	13.363.927	19.169.988
	<u>121.447.308</u>	<u>46.778.149</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- heimildir	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2017	27.608.161	19.169.988	46.778.149
Fjárfestingaheimild ársins		73.500.000	73.500.000
Rekstrarfjárheimild flutt á fjárfestingaheimild ársins		10.939.001	10.939.001
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10.939.001	(10.939.001)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	79.306.061	(79.306.061)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(9.769.842)		(9.769.842)
	<u>108.083.381</u>	<u>13.363.927</u>	<u>121.447.308</u>

Af frestuðum fjárheimildum munu kr. 19,5 millj. koma til tekna á árinu 2018.

18 Aðrar upplýsingar*Skuldbindandi samningar*

Fjársýslan hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 90 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 900 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum stofnunarinnar þann 31.12.2017.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í ársreikningalögum um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1/1 2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.



Starfsmenn Fjársýslu ríkisins í árslok 2017

Ingþór K. Eiríksson, fjársýslustjóri

Bókhaldssvið

Alfreð S. Erlingsson, forstöðumaður

Ausra Gecienė
Áslaug Sigurðardóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Brynhildur Birgisdóttir
Guðrún I. Alexíusdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún E. Tómasdóttir
Hanna D. Haraldsdóttir
Hrannar B. Jónsson
Hulda B. Guðjónsdóttir
Íris D. Jónsdóttir
Katrín D. Hilmarsdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Lára Guðmundsdóttir
Laufey Sverrisdóttir
Lilja G. Friðvinsdóttir
Óla María Þórisdóttir
Pétur Ó. Jónsson
Rakel G. Pálsdóttir
Sara M. Tryggvadóttir
Sunna Þórsdóttir
Svanhvít E. Einarsdóttir

Launasvið

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Anna M. Óladóttir
Arngrímur V. Angantýsson
Drífa Ó. Sumarliðadóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðný S. Guðmundsdóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Laufey Óskarsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sóley Jakobsdóttir

Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri
Geir Thorsteinsson
Gerður H. Einarsdóttir
Haraldur Blöndal
Linda Einarsdóttir
Oddrún Pétursdóttir
Stefanía Ragnarsdóttir
Vilborg Hólmjárn

Þróunar- og þjónustusvið

Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason
Björn Kristjánsson
Guðbrandur J. Jónsson
Gunnar Guðnason
Jóhann Þ. Arnarsson
Styrkár J. Hendriksson
Thelma H. Másdóttir
Þorkell Pétursson

Fjárreiðusvið

Vilhjálmur Ö. Sigurhjartarsson, forstöðumaður

Edda Einarsdóttir
Guðjón Á. Ríkharðsson
Guðmundur Vigfússon
Guðrún Á. Janusdóttir
Halldór J. Harðarson
Ívar Kristinsson
Katrín I. Kristófersdóttir
Katrín Þ. Jónsdóttir
Kristín Orradóttir
Sigríður H. Theódórsdóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Svala D. Sigurjónsdóttir
Þorvaldur Steinarsson

Uppgjörssvið

Þórir H. Ólafsson, forstöðumaður

Ása Ólafsdóttir
Elín V. Magnúsdóttir
Helga Viðarsdóttir
Gyða Sigurlaugsdóttir
Jóhann Halldórsson
Kristín E. Ingibergsdóttir
Pálína Reynisdóttir
Sjöfn A. Karlsdóttir
Theodóra P. Sigurðardóttir
Þorvaldur Egilson

Innra eftirlit / Gæðastjóri

Pétur Jónsson / Sigríður Söebech



VEGMÚLA 3 • 108 REYKJAVÍK, SÍMI 545 7500 • FAX 562 6383, POSTUR@FJS.IS • WWW.FJS.IS